

Endurhönnun Val 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Auðlindir eru ekki óþrjótandi og allt sem við notum kemur með einum eða öðrum hætti úr náttúrunni. Það sem af er tekið eyðist og nú er svo komið að við notum svo mikið að auðlindir ná ekki að viðhalda sér.

Í nútímasamfélagi verður því æ brýnna að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og endurvinnslu efnislegra gæða. Slíkum markmiðum verður ekki náð nema almenningur hafi þekkingu á efnum og eiginleikum þeirra og búi yfir færni sem þarf til að hagnýta sér þessa eiginleika.

Nemendurfræðast um neysluogsóun í tengslumviðloftslagsvandannogmikilvægiþessaðnýtaalltefnibetur. Þeirgeratilraunirmeðaðskapaeitthvaðnýttúrhlutumsemhenda á; s.s.plasti, textílefní, pappír, gleri, keramik,o.fl. Nemendurskoðahönnunogendurhönnun, veltafyrirsérmöguleikum, skissaogpælaáðurenhafist er handa.

Kennsluaðferðir:

Kennsluaðferðir:

- umræður/tjáning
- verklegkennsla
- sýnikennsla
- skapandiviðfangsefni

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Kynning - fræðsla	<ul style="list-style-type: none">• kynning á viðfangsefnum og námsmati.• efni sem þarf að safna.• fjallað um tengsl loftslagsbreytinga við neyslu og almenna sóun og mikilvægi þess að snúa af þeirri braut.• Horft á fræðslumynd - umræður	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• tekið þátt í umræðum og tjáð sig um mikilvæg mál• skipulagt vinnusínameðsjálfbærni í huga,
Pappír	<ul style="list-style-type: none">• Flétta körfu úr pappírspokum	<ul style="list-style-type: none">• Þjálfist í aðnýtavísemvanalega er hent
Textíll	<ul style="list-style-type: none">• Gera nytjahluti úr gömlu gallaefni.• Nota gamla boli, sængurver eða annað og hekla mottu með Amish (ragrug) aðferðin ni.	<ul style="list-style-type: none">• unniðsjálfstætteftirvinnuferlifrágugmyndtillokaafurðar,• Þjálfist í aðnýtavísemvanalega er hent
Plast	Samvinnuverkefni:	<ul style="list-style-type: none">• tekiðþátt í samvinnumeðsameiginlegtmarkmiðhópsinsaðleið

	<ul style="list-style-type: none"> Veggmynd/lágmynd gerð úr allskonar plastumbúðum Nemendur safna sjálfir plasti 	<ul style="list-style-type: none"> arljósi, Sýntfrumkvæðiogstjálfstæði í vinnunni
Glerogkeramik	<ul style="list-style-type: none"> Hressa upp krukkur og gamlan borðbúnað Málað á gamla bolla, diska, krukkur eða annað sem þarfnast endurgerðar 	<ul style="list-style-type: none"> hagnýttþáleikniogþekkingusemhannbýryfir á skapandiháttog sýntfrumkvæði, Þjálfist í aðnýtaogendurnýta í staðþessaðhendaogkaupanýtt
Viðgerðir og endurbætur	<ul style="list-style-type: none"> nemendur eru hvattir til að koma með fatnað að heiman sem þarfnast viðgerða eða endurgerðar. 	<ul style="list-style-type: none"> hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði, skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga

Mósaik: Farið með nemendur í nálæga fjöru til að tína upp glersteina og annað sem nota má í mósaik. Gamlar flísar og brotið leirtau er auk þess í boði. Nemendur fá gamlar tréplötur úr efnisveitu en geta auk þess komið með hluti að heiman, ss. myndaramma, segil, krukkur, vasa, o.s.frv.

Plast: Heklað eða fléttað úr plastpokum. Saumað úr plastumbúðum, t.d. pennaveski, snyrtibudda eða nestispoki.

Textíll: Gera nytjahluti úr gömlu gallaefni. Nota gamla boli, sængurver eða annað og hekla mottu með Amish aðferðinni.

Hressa upp á gamlan borðbúnað og málað með glerlitum og posca litum. Málað á gamla bolla, diska, krukkur eða annað.

Samvinnuverkefni, vegglistaverk úr plastlokum og dósnum. Báðir hópar vinna að sama verkinu. 3- 4 skipti.

Ætlast er til að nemendur safni sjálfir sem mestu af því efni sem þeir nota.

2 k.est. á viku.

Grunnþættir menntunar

Unnið er með alla grunnþætti menntunar:

- Heilbrigði og velferð: Reynt að skapa ró og stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum við vinnuna. Við vinnu nemenda skapast oft gott flæði og kærkomin ró fyrir hugann.
- Nemendur eru hvattir til að vinna út frá eigin styrkleika og áhugasviði og einnig til að finna sjálfir lausnir. Þannig byggja þeir upp þrautseigju og seiglu og læra að vera sjálfbjarga.

Læsi:

- Nemendur læra og þjálfast í að nota orð og orðaforða sem tilheyrir faginu og er þeim yfirleitt framandi.
- Þjálfast í að lesa uppskriftir og fara eftir leiðbeiningum af ýmsu tagi.

Jafnrétti:

- Við fögnum margbreytileikanum og allir hafa sama rétt í skólanum.
- Nemendur hvattir til að hlusta og taka fordómalaust tillit til skoðana annarra.

Lýðræði og mannréttindi:

- Í öllum verkefnum er boðið upp á val á útfærslu eftir áhuga nemenda og bera því nemendur ábyrgð með kennara.
- Fjallað og rætt um lýðræði og mannréttindi í tengslum við framleiðslu, aðbúnað fólksins sem vinnur við hann, loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á mannréttindi.

Sjálfbærni:

- Nýtni er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í endurhönnun og nær eingöngu unnið með efni sem henda á.
- Nemendur læra um mikilvægi þess að nýta allan efnivið á ábyrgan hátt.

Sköpun:

- Nemendur skapa og útfæra eigin verkefni í teikningu og vinnu.
- Þeir nota eigið ímyndunarafli, hugmyndir og útsjónasemi við hönnun og útfærslu. T.d. við að skapa eitthvað úr verðlausum efnivið.
- Nemendur fá tækifæri til að sýna og nýta hæfileika sína á fjölbreyttan hátt.
-

Námsmat

Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum. Af hálfu nemenda felst það meðal annars í því að mæta stundvíslega í tíma, hafa **slökkt á farsímum** og virða tíma kennara.

Ætlast er til að nemendur mæti stundvíslega í kennslustundir.

Mikilvægt er að nemendur reyni að vinna sjálfstætt eftir bestu getu. Þeir þurfa að leggja áherslu á hugmyndavinnu, skissur og undirbúning áður en verkleg vinna hefs.

Nemendur vinna einstaklingsbundið og skila verkefnum þegar þeim er lokið.

Hlutverk nemenda er að vinna eftir fyrirætlum, reyna að vinna sjálfstætt og hjálpast að. Við lærum líka af því að leiðbeina og hjálpa hvert öðru. Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Hlutverk kennara er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfari eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Hann skal vera vel undirbúinn og reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda.

Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrri hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnina í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.